

Yfirlýsing frá Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni forseta borgarstjórnar

Ég hef verið borgarfulltrúi í 28 ár, átt sæti í borgarráði í 24 ár og gegndi formennsku í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga í 16. Auk þess hef ég setið í fjölmörgum ráðum og nefndum á vegum Reykjavíkurborgar á þessum tíma.

Ég hef á þessum tíma fengið tækifæri til að vinna að fjölmörgum hagsmunamálum borgarinnar og sveitarfélaga almennt og lagt mig fram við að sinna því starfi með velferð þeirra í huga. Mitt aðalmarkmið hefur ævinlega verið það, að efla hagsmuni íslenskra sveitarfélaga, bæði Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga. Að sjálfsögðu hafa skipst á skin og skúrir í þessari vegferð. Þannig eru ekki einungis stjórn málin, heldur lífsferlið allt.

Í öll þessi ár hef ég í störfum mínum lagt mikla áherslu á að vera í góðu sambandi við borgarbúa og reynt að liðsinna þeim eins vel og ég hef getað hverju sinni. Frá upphafi hef ég ávallt litið á það sem meginskyldu hvers borgarfulltrúa að hlusta á óskir og ábendingar íbúanna, leita lausna eða sætta sjónarmið eins og kostur er hverju sinni og sinna vel þeim verkefnum sem þeim hafa verið falin hverju sinni.

Ég mun ekki gefa kost á mér í næsta prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninganna í maí n.k. en að sjálfsögðu starfa áfram sem forseti borgarstjórnar fram í miðjan júní 2010.

Ég óska Sjálfstæðisflokknum góðs gengis í næstu borgarstjórnarkosningum. Hann á skilið góðan stuðning því á þessu kjörtímabili hefur fjármálastjórn borgarinnar undir forystu Sjálfstæðisflokksins verið ábyrg eins og raun ber vitni. Lyft hefur verið Grettistaki í byggingu öryggis- og þjónustuíbúða fyrir eldri borgara og staðið vörð um velferðarmálin. Auk þess hefur ásamt ýmsum öðrum málum verið unnið vel að eflingu íþróttá- og tómstundamála, mennta- og menningarmála, leikskólamála og umhverfis- og samgöngumála.

Þessi ár hafa verið mér mikils virði og í raun ómetanleg. Ég hef fengið tækifæri til að hitta og kynnast svo mörgu frábæru fólki, eignast góða kunningja og vini vítt og breitt. Stjórn mála og þátttaka í framboðum til kosninga mega aldrei verða einungis áhugamál þröngra hópa heldur miklu fremur hvatning til fólks um að taka þátt. Lýðræðið endurspeglast í því að einstaklingar og hópar hafi tækifæri til þátttöku í stjórn mála. Sú þátttaka sé ekki og verði aldrei verkefni einhverra útvaldra.

Hver veit nema ég muni síðar segja frá þessu 28 ára lífsspani mínu á vettvangi borgarinnar og annarra íslenskra sveitarfélaga ?

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
forseti borgarstjórnar